



Málsnr.: 2015/1100  
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

10 FEB 2016

Bréfalykill: 17.20

Mosfellsbær  
b/t Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 5. febrúar 2016

#### Efni: Þrívíddar Íslandskort – staðarval


Vísað er til fyrri samskipta aðstandenda verkefnisins Þrívíddar Íslandskort (hér eftir vísað til sem verkefnið) og fulltrúa Mosfellsbæjar en aðilar hafa nú um nokkurra mánaða skeið átt í samskiptum vegna áformaðs staðarvals.

Með bréfi þessi lýsa aðstandendur verkefnisins því yfir að áformað mannvirki undir verkefnið skuli reyst í sveitarfélaginu Mosfellsbæ, nánar tiltekið á svæði sem heyrir til Tungumela (svæði úr landi Leirvogstungu austan við Vesturlandsveg). Ákjósanlegasti staður undir verkefnið væri sá hluti Tungumelasvæðisins (en um ódeiliskipulagt svæði er að ræða) sem næst liggur Vesturlandsvegi í vestur og Köldukvísl í suður. Með þessu móti er verkefninu tryggður staður sem er næst stofnað (Vesturlandsvegi) sem og á stað sem er sýnilegur (sem hefur mikla þýðingu fyrir verkefnið).

Aðstandendur verkefnisins lýsa því jafnframt yfir að fallið er frá viðræðum sem og skoðun annarra svæða undir verkefnið. Yfirlýsing þessi er háð því að gengið verði frá lóðarleigusamningi innan 12 mánaða frá dagsetningu bréfs þessa, fram er kominn viljayfirlýsing sem allir hlutaðeigandi aðilar eru ásáttir um eða þar til ljóst að þau áform sem hér er vísað til ganga ekki eftir.

Ekki hefur verið stofnað einkahlutafélag utan um verkefnið eins og áformað er að gera. Núverandi eigandi verkefnisins og höfund þess er Ketill Már Björnsson. Fyrirtækjaráðgjöf PwC hefur haldið utan um verkstjón og ráðgjöf í tengslum við undirbúning verkefnisins.

Virðingarfyllst,

  
Halldór Þorkelsson  
halldor.thorkelsson@is.pwc.com  
s: 840 5229

  
Ketill Már Björnsson  
ketill@engine-trading.com  
s: 893 1539